

Viðauki VII (b) Forsnið viðaukasamnings

Samningur um verkefnið Brothættar byggðir í Xx

„xxxx Verkefni xxxxx“

Samningur þessi byggir á Byggðaáætlun 2015-2017 en þar segir í 2. lið:

2. SÉRTÆKAR AÐGERÐIR Á VARNARSVÆÐUM

2.1. Brothætt byggðarlög.

Markmið: Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins.

Aðgerðir:

a. Á tímabilinu 2014–2017 haldi Byggðastofnun áfram með verkefnið til stuðnings brothættum byggðum.

b. Auknu fé verði varið til sértækra aðgerða sem byggist á niðurstöðu verkefnisins.

Ábyrgð: Byggðastofnun í samvinnu við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti, landshlutasamtök sveitarfélaga.

Kostnaður: Kostnaður við verkefnið *Brothættar byggðir* er áætlaður 50 millj. kr. á ári á tímabilinu 2014–2017. Gert er ráð fyrir því að sú upphæð verði einnig nýtt til að fjármagna verkefni um stöðu og framtíð íslenskra landbúnaðarsamfélaga. Sérstakar fjárveitingar gætu komið til vegna einstakra aðgerða sem samstaða verður um að ráðast í.

Samningurinn byggir enn fremur á úthlutun fjármuna til verkefnisins Brothættra byggða í fjárlögum fyrir árið 2014, svo og úthlutun fjármuna til þess í fjárlögum fyrir árin 2015-2017.

1. gr. Staða samningsgagnvart öðrum samningum

Samningur þessi er viðaukasamningur við samning á milli Byggðastofnunar, landshlutasamtaka, atvinnuþróunarfélags og sveitarfélags um verkefni Brothættra byggða í sveitarfélagi, dags. xx, hér eftir nefndur *grunnsamningur*.

2. gr. Samningsaðilar

Byggðastofnun, kt. 450679-0389, með vísan til ofangreindra heimilda, *sveitarfélag*, kt. xx, *landshlutasamtök*, kt. xx og *atvinnuþróunarfélag*, kt. xx, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefnisins „*heiti verkefnis í byggðarlagi*“, sem er hluti verkefnis Byggðastofnunar, Brothættar byggðir, samkvæmt Byggðaáætlun.

3. gr. Markmið samnings

Samningnum er ætlað að vera grunnur að samstarfi um verkefnið „*heiti verkefnis í byggðarlagi*“ og tryggja markvissa vinnu að framfaramálum byggðarlagsins í samræmi við áherslur sem koma fram í stöðugreiningu, á íbúáþingi og í stefnumótun fyrir verkefnið, svo og öðrum mikilvægum málefnum sem upp kunna að koma á gildistíma samningsins. Í verkefninu munu samningsaðilar sérstaklega vinna að því að virkja frumkvæði íbúa og annarra hagsmunaaðila sem tengjast byggðarlaginu. Meðal annars og ekki síst er verkefninu ætlað að hvetja íbúa, svo og fyrirtæki, til að nýta sér kosti þess stoðkerfis sem rekið er af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Að öðru leyti vísast til almennrar lýsingar á verkefninu Brothættar byggðir.

4. gr. Framlag samningsaðila

Byggðastofnun er samstarfsaðili í verkefninu og skipar fulltrúa í verkefnisstjórn en leggur auk þess fjármuni til starfsins er varðar kostnað við starf ráðgjafa á íbúáþingum ef um það er að ræða í verkefninu frá gildistöku samningsins. Byggðastofnun leggur fram árlega upphæð *xx* kr. vegna þátttöku í kostnaði við verkefnisstjóra fyrir verkefnið (ef um það er að ræða)

landshlutasamtök eru samstarfsaðili í verkefninu og skipar fulltrúa í verkefnisstjórn.

atvinnuþróunarfélag er samstarfsaðili í verkefninu og skipar fulltrúa í verkefnisstjórn.

sveitarfélag er samstarfsaðili í verkefninu og skipar fulltrúa í verkefnisstjórn. Sveitarfélagið greiðir kostnað og sér um auglýsingar vegna verkefnisstjórnarfunda og íbúafunda/íbúáþinga sem haldin eru heima í héraði. *sveitarfélag* leggur verkefnisstjóra til starfsaðstöðu. *sveitarfélag* greiðir kostnað við starf verkefnisstjóra að upphæð kr. *xx* árlega (ef við á).

5. gr. Verkefnisstjórn

Samkvæmt samningi þessum er skipuð verkefnisstjórn fyrir verkefnið, skipuð fulltrúum frá eftirfarandi aðilum: Byggðastofnun (tveir), *sveitarfélag* (einn), *atvinnuþróunarfélag* (einn) *landshlutasamtök* (einn) og íbúum *byggðarlags* (tveir). Í verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir er gert ráð fyrir að fulltrúi *sveitarfélagsins* gegni formennsku í verkefnisstjórn út samningstímamann frá og með þeim tíma að þriðji áfangi verkefnisins hefst formlega.

Verkefnisstjórn fundar reglulega, að lágmarki sex sinnum á ári og tryggir þannig samfellu í verkefninu og nægilegan stuðning við framkvæmda- og hagsmunaaðila þess. Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um þau atriði er hún telur mikilvæg í umgjörð starfsins.

Starf í verkefnisstjórn er ekki launað af hálfu verkefnisins. Samningsaðilar standa straum af kostnaði vegna sinna fulltrúa í verkefnisstjórn.

6. gr. Verkefnisstjóri

Svo sem fram kemur í 4. grein mun *xx* ráða verkefnisstjóra í fullt starf. Verkefnisstjóri getur á samningstímanum sinnt allt að þremur byggðarlögum á svæði *xx* er taka þátt í verkefninu um Brothættar byggðir samkvæmt grunnsamningi. Vinna verkefnisstjóra fyrir verkefnið „*Verkefni í byggðarlagi*“ er háð framvindu verkefnisins. Verkefnisstjóra er ætlað að sinna daglegri umsýslu, hafa yfirsýn, gera áætlanir og vinna með þátttakendum að framvindu verkefna. Hann skal einnig vinna að gerð samantekta um stöðu verkefna, sjá um boðun og undirbúning funda, gerð kynningarefnis og önnur verk sem verkefnisstjórn kann að fela honum hverju sinni. Verkefnisstjóri verður með starfsstöð á/í *xx*. Verkefnisstjóri skal fljótlega eftir ráðningu sækja námskeið/kynningarfund um verklag Brothættra byggða, enda verði það skipulagt af Byggðastofnun í tengslum við verkefnið.

7. gr. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

Verkefnisstjórn fer með ákvörðunarvald varðandi ráðstöfun þeirra fjármuna sem verkefninu *verkefni í byggðarlagi* kann að verða úthlutað til styrkja. Ráðstöfun fjármuna skal vera í samræmi við lög og reglur og skal endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri og starfsskýrslu skilað til Byggðastofnunar á sama tíma og almenn reikningskil *atvinnuþróunarfélags* fara fram vegna liðins árs. Umsýsla vegna styrkjamála skal vera hjá *atvinnuþróunarfélagi (ef við á)* í samráði við verkefnisstjórn og verkefnisstjóra. Verkefnisstjórn getur enn fremur á hverjum tíma óskað eftir fjárhagslegu yfirliti með hæfilegum fyrirvara.

8. gr. Gildistími samnings

Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í að lágmarki tvö ár frá og með undirskrift samnings, það er til 31. desember *20xx*, þó háð framlögum á fjárlögum hvers árs og jákvæðri niðurstöðu um framvindu verkefnis samanber neðanritað. Þar af verði unnið með markvissum hætti síðasta árið að því að gera verkefni sjálfstæð og óháð aðkomu Byggðastofnunar/átaksverkefninu undir hatti Brothættra byggða. Með þessu verði tryggt að áfram verði unnið að einstökum verkefnum þrátt fyrir formleg lok verkefnisins um Brothættar byggðir hvað *landshluta/sveitarfélag* varðar.

Á samningstímanum verði unnið samkvæmt almennu verklagi fyrir verkefnið Brothættar byggðir. Í því felst meðal annars að í lok hvers árs er árangur verkefnisins metinn og virk aðkoma íbúa tryggð, svo sem eins og með íbúafundi. Enn fremur skulu samningsaðilar fara yfir stöðuna og er þá meðal annars tekin afstaða til þess hvort verkefnið stenst væntingar og hvort halda á því áfram út samningstímann.

Eigi síðar en um mitt ár 20xx fara samningsaðilar yfir horfur á fjármögnun eftir að samningstímanum lýkur og meta hvort tilefni sé til og möguleiki á framlengingu samnings þannig að hægt verði að vinna verkefnið til enda samkvæmt áfangaskiptingu í verklýsingu fyrir verkefnið Brothættar byggðir og jafnframt fylgja þeim verkefnum sem þá kunna að vera í gangi betur eftir. Gert er ráð fyrir að verkefnistíminn verði í heild allt að fjórum árum, það er til loka árs 20xx, með ofangreindum fyrirvörum.

Staður, dags. _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. sveitarfélags

f.h. atvinnuþróunarfélags

f.h. landshlutasamtaka
